

# HS Veitur hf - Árshlutareikningur 30. júní 2017

Árshlutareikningur HS Veitna hf. fyrir fyrri hluta ársins 2017 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 23. ágúst 2017.



## Helstu atriði

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2017 var 346 m.kr. á móti hagnaði á sama tímabili árið 2016 upp á 404 m.kr.

EBITDA lækkar lítillega milli tímabila, EBITDA á fyrri helmingi 2017 var 973 m.kr. (31,9%) á móti 1002 m.kr. (34,3%) á sama tímabili árið 2016.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 30. júní 2017 er 41,9% en var 41,3% á sama tíma 2016.

Veltufjárhlutfall var 1,85 þann 30. júní 2017 samanborið við 2,52 í árslok 2016.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

## Almenn umfjöllun

Heildarhagnaður á fyrri hluta ársins 2017 nam 346 m.kr. á móti hagnaði fyrir sama tímabil árið 2016 uppá 404 m.kr. Þetta er minnkun hagnaðar upp á 58 m.kr. sem skýrist að mestu af skerðingu raforku til kyndistöðvar í Eyjum í 7 vikur vegna bilunar á sæstreng (um 60 m.kr.) og svo sjómannaverkfalli fyrstu tvo mánuði ársins sem leiddi til 5% minnkunar á raforkunotkun þessa tvo mánuði miðað við sama tímabil 2016.

Tekjur hækkuðu um 4,5% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á fyrri hluta ársins 2017, 3.050 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.544 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 998 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 322 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 185 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir sama tímabil á árinu 2016 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 2.919 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 1.468 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 968 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 300 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 183 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 9,8% á milli ára á meðan tekjur jukust um 4,5%. Kostnaðarverð sölu nam 2.105 m.kr. fyrir fyrri hluta ársins 2017 (69,0% m.v. tekjur) á móti 1.918 m.kr. á sama tímabili 2016 (67,5% m.v. tekjur). Kaup á heitu vatni, raforku og rafokulflutningi hækka í heild um 48 m.kr. sem er alfarið vegna hækkunar á flutningskostnaði Landsnets. Rekstur megindeilda hækkar um 124 m.kr. á milli ára og þar vegur þýngst áðurnefndur kostnaðarauki vegna skerðingar raforku til Eyja.

Annar rekstrarkostnaður hækkar á milli tímabila um 14 m.kr. var 318 m.kr. á fyrri helmingi 2017 og 305 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2016.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 232 m.kr. fyrir hluta ársins 2017 á en voru neikvæð upp á 223 m.kr. á sama tímabili 2016, eða alls hækkun á milli ára um 9 m.kr. Fjármunatekjur lækka úr 101 m.kr. árið 2016 í 56 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2017 en verðbætur lækka úr 137 m.kr. í 95 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 48 m.kr. fyrir fyrri hluta 2017 á móti 69 m.kr. gjaldfærslu fyrir sama tímabil 2016. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var jákvæð um 141 m.kr. en var jákvæð um 115 m.kr. á sama tímabili árið 2016.

EBITDA á fyrri helmingi ársins 2017 er 973 m.kr. (31,9%) á móti EBITDA 1.002 m.kr. (34,3%) fyrir sama tímabil árið 2016.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2017 bókfærðar á 20.534 m.kr. og lækkuðu um 170 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum á fyrri hluta 2017 námu alls um 760 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 426 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 210 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 49 m.kr. og vegna fasteigna 24 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í rekstrarfjármunum 1.082 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 570 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 82 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 11 m.kr. og vegna fasteigna 343 m.kr. Fjárfestingar í óefnislegum eignum voru 115 m.kr. á móti 71 m.kr. árið áður og er þar aðallega um kostnað við upplýsingakerfi að ræða.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.606 m.kr. þann 30. júní 2017 (eiginfjárlutfall 41,9%) en eigið fé í ársbyrjun var 8.760 m.kr. (eiginfjárlutfall 42,3%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 30. júní 2017 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	01.01 - 30.06. 2017		01.01 - 30.06. 2016		Breyting milli ára
		%		%	
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	3.049.805	100,0%	2.919.194	100,0%	4,5%
Kostnaðarverð sölu	( 2.105.383 )	( 69,0% )	( 1.918.157 )	( 65,7% )	9,8%
<b>Vergur hagnaður</b>	944.422	31,0%	1.001.037	34,3%	( 5,7% )
Annar rekstrarkostnaður	( 318.306 )	( 10,4% )	( 304.691 )	( 10,4% )	4,5%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	626.116	20,5%	696.346	22,8%	( 10,1% )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 232.048 )	( 7,6% )	( 223.308 )	( 7,6% )	3,9%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	394.068	12,9%	473.038	16,2%	( 16,7% )
Tekjuskattur	( 48.404 )	( 1,6% )	( 68.866 )	( 2,4% )	( 29,7% )
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	345.664	11,3%	404.172	13,8%	( 14,5% )
	<b>30.6.2016</b>		<b>30.6.2016</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	18.305.396	89,1%	17.275.177	84,6%	6,0%
Veltufjármunir	2.228.831	10,9%	3.152.017	15,4%	( 29,3% )
<b>Eignir samtals</b>	<b>20.534.227</b>	100,0%	<b>20.427.194</b>	99,5%	0,5%
Eigið fé	8.606.162	41,9%	8.428.732	41,3%	2,1%
Langtímaskuldir	10.725.565	52,2%	10.784.276	52,8%	( 0,5% )
Skammtímaskuldir	1.202.501	5,9%	1.214.186	5,9%	( 1,0% )
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>20.534.228</b>	100,0%	<b>20.427.194</b>	100,0%	0,5%
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	973.052	31,9%	1.002.063	34,3%	( 2,9% )
Veltufjárlutfall	1,85		2,60		( 28,6% )
Eiginfjárlutfall	41,9%		41,3%		1,6%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.